A TEREX BRAND

Stjórnandahandbók

Raðnúmerasvið

frá IWPP-13000

IWP® Super Series

CE

með
viðhaldsupplýsingum

Þýðing á upprunalegum
leiðbeiningum
Sixth Edition
First Printing
Part No. 1298037ISGT

Manufacturer:

Terex South Dakota, Inc.
500 Oakwood Road
Watertown, SD 57201, USA

Authorized representative:

Genie Industries B. V.
Boekerman 5
4751 XK OUD GASTEL
The Netherlands

Efni

Inngangur 1
Tákn og myndrænar skilgreiningar á hættu 5
Almennt öryggi 7
Öryggi manna 9
Öryggi á vinnusvæði 10
Skýringartexti 16
Stjórntæki 17
Skoðanir 18
Notkunarleiðbeiningar 28
Viðhald 31
Leiðbeiningar um hleðslu rafgeymis 33
Leiðbeiningar um flutning og lyftingu 35
Tæknilýsing 37

Höfundarréttur © 1996 Terex Corporation

Sjötta útgáfa: Fyrsta prentun, September 2020

„Genie“ og „IWP“ eru skrásett vörumerki Terex South Dakota í BNA og mörgum öðrum löndum.

„Super Series“ er vörumerki Terex South Dakota.

CE Uppfyllir EB tilskipun 2006/42/EB
Sjá EB-samræmisyfirlýsingu

Inngangur


Um þessa handbók

Við hjá Genie erum þakklát fyrir að vél okkar hafi orðið fyrir valinu. Öryggi notenda nýtur forgangs hjá okkur og því náum við best í samvinnu við þá. Þetta er handbók um notkun og daglegt viðhald fyrir notendur Genie-véla.

Líta ætti á handbók þessa sem varanlegan hluta af vélinni og hún ætti alltaf að fylgja henni. Ef einhverjar spurningar vakna skal hafa samband við Genie.

Auðkenning vöru

Raðnúmer vélarinnar má sjá á raðnúmeramerkimiða.



Raðnúmerið er stimplað á undirvagninn

Raðnúmeramerkimiði

Ætluð notkun og leiðbeiningar

Þessi vél er aðeins ætluð til að lyfta starfsfólki, ásamt verkfærum þess og efni, að vinnusvæði yfir jörðu. Áður en vélin er notuð ber stjórnandi ábyrgð á því að lesa og skilja þessar leiðbeiningar.


- ☑ Hver einstaklingur þarf að fá þjálfun til að nota færanlega og hækkanlega vinnupalla (MEWP).
- ☑ Hver einstaklingur sem hefur til þess heimild og þjálfun og er til þess hæfur skal kynna sér notkun kranans.
- ☑ Aðeins sérþjálfað og viðurkennt starfsfólk ætti að fá leyfi til að nota vélina.
- ☑ Stjórnandinn ber ábyrgð á að lesa, skilja og hlýða leiðbeiningum framleiðanda og öryggisreglum í stjórnandahandbókinni.
- ☑ Stjórnandahandbókin er staðsett í handbókargeymslunni á pallinum.
- ☑ Upplýsingar um ákveðna notkun vöru er að finna í **Samband haft við framleiðanda**.

Inngangur

Tákn fyrir stjórntæki á palli og tengdar hreyfingar vélarinnar:



Pallur upp




Pallur niður


Tákn fyrir stjórntæki á jörðu niðri og tengdar hreyfingar vélarinnar:




Lykilrofi - slökkt




Lykilrofi - kveikt



Stjórntæki á jörðu niðri



Stjórntæki palls




Neyðarlækkun palls







Viðvörun fyrir rafgeymi




Samlæsing stuðningsfóta - slökkt



Samlæsing stuðningsfóta - kveikt



Samlæsing hæðarskynjara - slökkt



Samlæsing hæðarskynjara - kveikt

Samfastar aðgerðir:

- Öll stjórntæki á palli og jörðu niðri.

Notkunartakmarkanir:

- Þessi vél er aðeins ætluð til að lyfta starfsfólki, ásamt verkfærum þess og efni, að vinnusvæði yfir jörðu.
- Ekki hækka pallinn nema vélin standi á traustri jafnsléttu.

Inngangur

Dreifing á tilkynningum og eftirfylgni við þær

Öryggi notenda er Genie afar mikilvægt. Genie sendir frá sér ýmsar tilkynningar til að miðla mikilvægum upplýsingum um vörur og öryggismál til umboðsaðila og eigenda véla.

Upplýsingarnar í þessum tilkynningum eru merktar einstökum vélum með gerð og og raðnúmeri.

Dreifing á tilkynningum miðast við nýjustu upplýsingar um eiganda og viðkomandi söluaðila. Það er því mikilvægt að skrá vélina og uppfæra samskiptaupplýsingar.

Gættu þess að fylgja viðeigandi tilmælum í tilkynningum til að tryggja öryggi starfsmanna og áreiðanleika vélarinnar.

Kíktu á vefsvæðið okkar, www.genielift.com, til að skoða opnar tilkynningar um vélina þína.

Samband haft við framleiðanda

Stundum gæti reynst nauðsynlegt að hafa samband við Genie. Í slíkum tilfellum skal gefa upp númer gerðarinnar og raðnúmer vélarinnar, auk nafns og samskiptaupplýsinga. Alltaf skal hafa samband við Genie vegna:

Tilkynningar um slys

Spurninga varðandi notkun og öryggi

Upplýsingar um staðla og reglugerðir

Upplýsinga um núveranda eiganda, svo sem eignarhaldsbreytinga á vél eða breyttra samskiptaupplýsinga. Sjá Eignarhaldsbreytingu, fyrir neðan.

Eignarhaldsbreyting á vél

Með því að gefa þér nokkrar mínútur í að uppfæra upplýsingar um eiganda tryggir þú að þú fáir mikilvægar upplýsingar um öryggi, viðhald og notkun vélarinnar.

Skráðu vélina með því að fara á www.genielift.com eða hringja gjaldfrjálst í okkur í síma 1-800-536-1800.

Inngangur



Hætta

Misbrestur á að hlýða leiðbeiningunum og öryggisreglunum í þessari handbók mun leiða til dauða eða alvarlegra meiðsla.

Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Þú forðist hættulegar aðstæður.

Þekktu og skildu öryggisreglurnar áður en þú snýrð þér að næsta hluta.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

5 Notaðu vélina aðeins eins og henni var ætlað.

☑ Þú lesir, skiljir og hlýðir leiðbeiningum framleiðanda og öryggisreglum—öryggis- og stjórnandahandbókum og límmiðum á vélinni.

☑ Þú lesir, skiljir og hlýðir öryggisreglum vinnuveitanda og reglum vinnusvæðisins.

☑ Þú lesir, skiljir og hlýðir öllum viðeigandi stjórnarreglugerðum.

☑ Þú hafir rétta þjálfun til að nota vélina á öruggan hátt.

Viðhald öryggisskilta

Skiptu um horfin eða skemmd skilti. Hafðu öryggi stjórnenda vélarinnar í huga öllum stundum. Notaðu milda sápu og vatn til að hreinsa öryggisskilti. Ekki nota hreinsiefni sem byggjast á leysiefnum því þau geta skemmt öryggisskiltin.

Flokkun hættu

Límmiðar á Genie-vörum nota tákn, litakóða og áhersluorð til að tilgreina eftirfarandi:



Öryggisviðvörunartákn – notað til að vara starfsfólk við hugsanlegri hættu á líkamsmeiðslum. Hlýddu öllum öryggisskilaboðum sem fylgja þessu tákni til að forðast möguleg meiðsli eða dauða.







⚠HÆTTA Gefur til kynna hættulegar aðstæður sem geta valdið dauða eða alvarlegum meiðslum ef ekki er brugðist við hættunni.

⚠AÐVÖRUN Gefur til kynna hættulegar aðstæður sem geta valdið dauða eða alvarlegum meiðslum ef ekki er brugðist við hættunni.











⚠VARÚÐ Gefur til kynna hættulegar aðstæður sem geta valdið minniháttar meiðslum.

TIL ATHUGUNAR Gefur til kynna eignatjón.


Tákn og myndrænar skilgreiningar á hættu

 Lestu handbók fyrir stjórnanda tækisins	 Lestu þjónustuhandbókina	 Hætta á að kremjast	 Reykingar bannaðar.	 Árekstrarhætta
 Hætta á að kremjast	 Hætta á veltu	 Hætta á veltu	 Hætta á raflosti	 Hætta á veltu
 Haltu þig í hæfilegri fjarlægð	 Hætta á veltu	 Notaðu heilbrigða skynsemi og skipulagningu til að stjórna hreyfingum vélarinnar í eða nálægt halla.	 Árekstrarhætta	 Festu niður
 Hætta á bruna	 Sprengihætta	 Eldhætta	 Hætta á raflosti	 Flutningsmynd


Tákn og myndrænar skilgreiningar á hættu

 Spenna á rafmagni að palli	 Málþrýstingur fyrir loftlögn til pallsins	 Lyftipunktur	 Slepptu hemlunum	 Jarðtengdur AC 3-vír eingöngu
 Skiptu um skemmda víra og leiðslur.	 Hjólahleðsla	 Tengistaður fyrir dragreipið	 Hliðarkraftur	 Handafl
 Burður stuðningsfótar	 Innanhúss	 Hámarksburðargeta	 Neyðarlækkun	 Vindhraði
 Hámarksburðargeta að meðtöldum notanda, verkfærum, efnum og valkostum				

Almennt öryggi



Almennt öryggi



Öryggi manna

Fallvörn

Ekki er krafist persónulegs fallvarnarbúnaðar þegar þessi vél er notuð. Ef vinnusvæði eða reglur atvinnurekanda krefjast slíks búnaðar skal eftirfarandi eiga við:


Allur persónulegur fallvarnarbúnaður verður að fylgja viðeigandi opinberum reglugerðum og verður skoðun og notkun að vera í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.

Öryggi á vinnusvæði

⚠ Hætta á veltu

Ekki hækka pallinn nema vélin standi á traustri jafnsléttu.

Ekki færa vélina á meðan pallurinn er á lofti.




Ekki valda láréttum krafti eða hliðarálagi á vélina með því að lyfta fastri eða yfirhangandi byrði eða láta hana síga.

Ekki flytja verkfæri eða efni nema því sé dreift jafnt og starfsmaður á pallinum geti meðhöndlað það á öruggan hátt.

Ekki setja eða festa yfirhangandi byrðar við neinn hluta þessarar vélar.

Ekki setja tröppur eða vinnupalla á pallinn eða upp við neinn hluta þessarar vélar.



Ekki ýta frá eða draga í átt að neinum hlut utan pallsins.

Leyfilegt hámarkshandafl	45 pund/200 N

Ekki nota vélina nálægt þverhnípi, holum, ójöfnum, braki, óstöðugu eða sleipu yfirborði eða öðrum mögulega hættulegum aðstæðum.

Ekki breyta eða afvirkja einingar vélarinnar sem á einhvern hátt hafa áhrif á öryggi og stöðugleika.

Ekki endurnýja hluti sem mikilvægir eru stöðugleika vélarinnar með hlutum sem hafa aðra þyngd eða tæknilýsingu.

Ekki binda pallinn við nærliggjandi mannvirki.

Ekki koma hleðslu fyrir utan við pallinn.

Notaðu aðeins varahluti sem Genie hefur viðurkennt.

Þegar vélin er flutt á gaffallyftara eða öðru flutningsökutæki ætti pallurinn að vera alveg niðri, slökkt ætti að vera á vélinni og enginn starfsmaður á pallinum.

Ekki nota vélina á yfirborði eða farartæki sem er hreyfanlegt eða á hreyfingu.

Ekki breyta vinnupallinum án fyrir fram fengins skriflegs leyfis frá framleiðandanum. Ef viðbætur til að halda verkfærum eða öðru efni eru festar á pallinn, fóthvílur eða handrið getur það aukið þyngd pallsins og yfirborð pallsins eða hleðslu hans.

Öryggi á vinnusvæði



Ekki nota vélina í sterkum vindi eða roki. Ekki auka yfirborðssvæði pallsins eða byrðarinnar. Ef svæðið er stækkað og það er berskjaldað fyrir vindi dregur það úr stöðugleika vélarinnar.



Starfsfólk, tækjabúnaður og efni skal ekki fara umfram hámarksgetu pallsins.

ANSI-, CSA-, AUS- og CE-gerðir		
Hámarksburðargeta	350 pund	159 kg
Hámarksfjöldi farþega		1 maður
ANSI-, AUS- og CE-gerðir		
Hámarksburðargeta IWP-20S með lengingarvalkostum	300 pund	136 kg
Hámarksfjöldi farþega		1 maður

Ekki setja upp lengingarvalkostinn á IWP-25S eða IWP-30S. Lengingarvalkosturinn er fyrir IWP-20S.

⚠ Fallhætta

Handriðið veitir vörn gegn falli. Ef þess er krafist að starfsmenn á pallinum noti persónulegan fallvarnarbúnað vegna reglna vinnusvæðis eða atvinnurekanda skal fallvarnarbúnaðurinn og notkun hans vera í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda búnaðarins og viðeigandi kröfur hins opinbera. Festu dragreipi við akkerið sem fylgir á pallinum.

Ekki sitja á, standa á eða klifra í handriði pallsins. Haltu alltaf góðri fótfestu á gólfi pallsins.



Ekki fara af pallinum á meðan hann er á lofti. Ef orkuskortur verður skal láta starfsfólk á jörðu niðri virkja handvirka lækkunarlokann.


Haltu gólfi pallsins lausu við rusl.

Láttu miðteininn í hliði pallsins síga fyrir notkun.

Öryggi á vinnusvæði

⚠ Hætta á raflosti

Þessi vél, jafnvel að viðbættum trefjaglerspalli, er ekki einangruð frá rafmagni og veitir ekki vörn gegn snertingu eða nálægð við rafstraum.



Ekki snerta vélina ef hún snertir raflínur með straumi á eða verður rafhlaðin. Starfsfólk á jörðu niðri eða á pallinum má ekki snerta eða nota vélina fyrr en straumur hefur verið tekinn af raflínunum.

Hlýddu öllum viðeigandi staðbundnum reglum varðandi fjarlægð frá rafspennulínum. Lágmarksfjarlægð er sýnd í töflunni hér að neðan og þeim fyrirmælum verður að fylgja í það minnsta.

Spenna Fasi til fasa	Lágmarks örugg fjarlægð til nálgunar	
0 til 300 V	Forðast skal snertingu	
300 V til 50 kV	10 fet	3,05 m
50 kV til 200 kV	15 fet	4,60 m
200 kV til 350 kV	20 fet	6,10 m
350 kV til 500 kV	25 fet	7,62 m
500 kV til 750 kV	35 fet	10,67 m
750 kV til 1.000 kV	45 fet	13,72 m


Gerðu ráð fyrir hreyfingu pallsins, sveiflum og sigi á raflínum og varastu mikinn vind og vindhviður.

Ekki nota vélina sem undirlag fyrir rafsuðu.

Ekki nota riðstraumsknúna vél eða hleðslutæki jafnstraumsrafgeymis nema að nota þriggja víra jarðtengda framlengingarsnúru tengda við jarðtengda riðstraumsrafrás. Ekki breyta eða afvirkja þriggja víra jarðtengdar klær.

⚠ Árekstrarhætta

Stjórnendur verða að fylgja reglum atvinnurekanda, vinnusvæðis og hins opinbera hvað varðar notkun persónuhlífa.



Hugaðu að fyrirstöðum uppi yfir vinnusvæðinu eða annarri mögulegri hættu.

Gættu þín á hættunni á því að klemma þig þegar þú grípur um handrið pallsins.

Ekki láta pallinn síga nema svæðið undir honum sé laust við starfsfólk og fyrirstöður.

Öryggi á vinnusvæði



Notaðu heilbrigða skynsemi og skipulagningu til að stjórna hreyfingum vélarinnar í eða nálægt halla.

Ekki standa nærri lækkandi palli.

⚠ Hætta vegna skemmdrar vélar

Ekki nota skemmda eða bilaða vél.

Vertu viss um að allt viðhald hafi verið framkvæmt eins og tiltekið er í þessari handbók og þjónustuhandbók fyrir Genie.

Vertu viss um að allir límmiðar séu á sínum stað og læsilegir.

Vertu viss um að stjórnanda-, öryggis- og ábyrgðarhandbækur séu heilar, læsilegar og í geymsluhólfinu sem staðsett er á pallinum.

Framkvæmdu vandlega skoðun á vélinni fyrir notkun og prófaðu allar aðgerðir fyrir hver vaktaskipti. Merktu samstundis skemmda eða bilaða vél og taktu hana úr notkun.

Ekki nota vélina sem undirlag fyrir rafsuðu.

⚠ Hætta vegna rangrar notkunar

Ekki skilja vélina eftir eftirlitslausa nema lykillinn sé fjarlægður, til að koma í veg fyrir óheimila notkun.

⚠ Hætta á líkamstjóni

Ekki nota vélina ef um er að ræða leka á glussa eða lofti. Leki á lofti eða glussa getur farið í gegnum og/eða brennt húðina.

⚠ Hætta á að kremjast

Haldið höndum og útlimum frá mastri.

Notaðu heilbrigða skynsemi og skipulagningu þegar þú notar vélina með stjórntækin ofar jörðu. Viðhaltu öruggri fjarlægð milli stjórnanda, vélarinnar og fastra hluta.

⚠ Sprengihætta og eldhætta

Ekki nota vélina eða hlaða rafgeyminn á hættulegum stöðum eða stöðum þar sem mögulega eru eldfimar lofttegundir eða efnisagnir.

Öryggi á vinnusvæði

⚠ Öryggi lengingarvalkosts

Hætta á líkamstjóni

Haltu höndum og fótum frá hlutum á hreyfingu: festiplötu, læsikrappa og framlengingarörmum.

⚠ Öryggi valkosts um aðstoðardrifhjól

Árekstrarhætta

Takmarkaðu akstursshraða í samræmi við ástand yfirborðs jarðar, þrengsli, halla, staðsetningu starfsfólks og alla aðra þætti sem kunna að valda árekstri.

Gættu þín á takmarkaðri útsýnisfjarlægð þegar vélin er hreyfð.

Ekki færa vélina með pallinn á lofti.

Þegar vélin er færð í halla skal vinna við ofanverða hlið vélarinnar.

Ekki treysta á hemla til að halda vélinni í halla.


⚠ Öryggi rafgeymis

Hætta á bruna



Rafgeymar innihalda sýru. Alltaf skal vera í hlífðarfatnaði og með augnhlífar þegar unnið er við rafgeyma.

Forðastu að hella niður eða snerta rafgeymasýru. Gerðu rafgeymasýru sem farið hefur niður óvirka með natróni og vatni.




Rafgeymapakkinn verður að haldast í uppréttri stöðu.

Ekki hafa rafgeyma eða hleðslutæki berskjölduð gagnvart vatni eða rigningu.

Öryggi á vinnusvæði

Sprengihætta



Haltu neistum, logum og logandi tóbaki frá rafgeymum. Rafgeymar gefa frá sér sprengifimt gas.

Hlaða skal rafgeyminn á vel loftræstum stað.



Ekki snerta rafgeymaskautin eða kapalklemmurnar með verkfærum sem gætu valdið neistum.



Ekki aftengja jafnstraums-úttaksleiðslur hleðslutækis frá rafgeyminum þegar hleðslutækið er í gangi.

Hætta vegna skemmda á íhlutum

Ekki nota neitt hleðslutæki stærra en 24 V til að hlaða rafgeymana.

Hætta á raflosti/bruna



Tengdu hleðslutækið aðeins við jarðtengda 3-víra rafmagnsinnstungu.

Kannaðu daglega hvort skemmdir eru á snúrum, köplum og vírum. Endurnýjaðu skemmda hluti fyrir notkun.

Forðastu raflost vegna snertingar við rafgeymaskaut. Fjarlægðu alla hringi, úr og aðra skartgripi.

Lyftihætta

Rafgeymirinn vegur 90 pund/40,8 kg. Notaðu viðeigandi fjölda starfsmanna og réttar aðferðir við að lyfta rafgeymum.

Notaðu réttan fjölda fólks og rétta tækni við að lyfta rafgeymunum.

Frágangur eftir hverja notkun


1 Veldu örugga staðsetningu til að leggja vélinni – traustan, láréttan flöt, lausan við fyrirstöður og umferð.

2 Láttu pallinn síga.

3 Snúðu lykilrofanum í af-stöðu og fjarlægðu lykilinn til að fyrirbyggja óheimila notkun.

4 Hladdu rafgeymana.

Skýringartexti



1 Riðstraumsgerðir: Rafmagnsinntak vélarinnar
Jafnstraumsgerðir: Rafmagn til palls
2 Stjórntæki á jörðu niðri
3 Útsláttarrofi
4 Mastur
5 Pallur
6 Festing fyrir dragreipi
7 Geymsluhólf stjórnandahandbókar
8 Lyftiauga
9 Öndunarlok
10 Stjórntæki palls
11 Hæðarskynjari með hallamáli*
12 Riðstraumsúttak
13 Jafnstraumsgerðir: Hraða-aftenging rafgeymis
14 Jafnstraumsgerðir: Rafgeymapakki
15 Stuðningsfótur
16 Flutningsbinding
17 Miðteinn eða hlið palls
18 Hringur fyrir gaffallyftara
19 Hæðartjakkur vinstra megin
20 Sveifarpunktur
21 Mótvægi
22 Hæðartjakkur hægra megin
23 Lyftaragöt
24 Jafnstraumsgerðir: Hleðslutæki rafgeymis
25 Hæðarskynjari með hallamáli*
26 Fótstig
27 Valkostur um aðstoðardrifhjól
28 Loka fyrir handvirka lækkun (staðsettur neðst á vökvatjakknum)
29 Rafgeymaól
30 Stýrishandfang - valkostur um aðstoðardrifhjól
31 Handfang fyrir lækkun undirstöðu
32 Stöng til að virkja aðgerðir - valkostur um aðstoðardrifhjól
33 Stýrishandfang
34 Öryggisrofi fyrir stefnubreytingu - valkostur um aðstoðardrifhjól
35 Þumalveltirofi - valkostur um aðstoðardrifhjól


*Tvær mismunandi gerðir hæðarskynjara voru framleiddar.

Stjórntæki


Stjórntæki á jörðu niðri

Hægt er að nota stjórntækin á jörðu niðri í neyðartilvikum til að bjarga óstarfhæfum einstaklingi á pallinum.

Ath.: Tveir mismunandi límmiðar fyrir samlæsingarskjá voru framleiddir. Táknin á þeim eru mismunandi en þeir virka báðir á sama hátt. Myndir af báðum eru sýndar hér og í textanum í gegnum þessa handbók.



Stjórntæki palls



1 Jafnstraumsgerðir: Viðvörunarljós fyrir rafgeymi
2 Viðvörunarljós rafgeymis fyrir aðstoðarlækkun
3 Aflljós
4 Varahnappur fyrir lækkun palls
5 Rauður neyðarstöðvunarhnappur
6 Lykilrofi
7 Skjáljós samlæsingar hæðarskynjara
8 Skjáljós samlæsingar stuðningsfóta
9 Virkjunarrofi stýringar
10 Upp/niður rofi

Skoðanir



Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Forðastu hættulegar aðstæður.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

Þekktu og skildu skoðun fyrir notkun áður en þú snýrð þér að næsta hluta.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

5 Notaðu vélina aðeins eins og henni var ætlað.

Grunnatriði skoðunar fyrir notkun

Það er á ábyrgð stjórnanda að framkvæma skoðun fyrir notkun og hefðbundið viðhald.

Skoðun fyrir notkun er sjónræn skoðun, framkvæmd af stjórnandanum fyrir hver vaktaskipti. Skoðuninni er ætlað að hjálpa stjórnandanum að uppgötva hvort eitthvað er sýnilega að vélinni áður en hann framkvæmir virkniprófin.

Skoðun fyrir notkun þjónar einnig þeim tilgangi að ákvarða hvort þörf sé á hefðbundnu viðhaldsferli. Stjórnandi getur aðeins framkvæmt hefðbundna viðhaldsþætti sem tilgreindir eru í þessari handbók.

Skoðaðu listann á næstu síðu og athugaðu hvert atriði.

Ef skemmdir eða önnur óheimil frávik frá verksmiðjuafhentu ástandi uppgötvast verður að merkja vélina og taka hana úr notkun.

Aðeins viðurkenndur þjónustutæknimaður má gera við vélina, í samræmi við tæknistaðal framleiðanda. Eftir að viðgerð er lokið verður stjórnandinn að framkvæma skoðun fyrir notkun aftur áður en hann fer í virkniprófin.

Viðurkenndir þjónustutæknimenn skulu framkvæma reglubundna viðhaldsskoðun, í samræmi við tæknistaðal framleiðanda og kröfurnar sem taldar eru upp í ábyrgðarhandbókinni.

Skoðanir

Skoðun fyrir notkun

- ❑ Vertu viss um að stjórnanda-, öryggis- og ábyrgðarhandbækur séu heilar, læsilegar og í geymsluílátinu sem staðsett er á pallinum.
- ❑ Gakktu úr skugga um að allir límmiðar séu til staðar og læsilegir. Sjá hlutann um límmiða.
- ❑ Athugaðu með glussaleka og rétta olíustöðu. Bættu olíu á ef þarf. Sjá kafla um viðhald.
- ❑ Jafnstraumsgerðir: Kannaðu hvort rafgeymavökvi leki og hvort hann sé nægur. Bættu eimuðu vatni við ef þarf. Sjá kafla um viðhald.

Athugaðu með skemmdir, ranglega uppsetta hluti eða hluti sem vantar og óheimilar breytingar á eftirfarandi íhlutum eða svæðum:

- ❑ Rafmagnsíhlutir, leiðslur og rafmagnskaplar
- ❑ Vökvaaflseining, slöngur, tengi og tjakkar
- ❑ Vökvagreinar og fótdæla
- ❑ Miðteinn eða hlið palls
- ❑ Raðkaplar og blakkir
- ❑ Lyftikeðjur og lausahjól
- ❑ Masturssúlur og mótvægi
- ❑ Rær, boltar og aðrar festingar
- ❑ Öndunarlok
- ❑ Stuðningsfætur
- ❑ Stillanlegir rennipúðar
- ❑ Tengistaður fyrir dragreipið
- ❑ Hjól

Ef til staðar: Valkostur um aðstoðardrifhjól

- ❑ Stýringarhandfang
- ❑ Vökvamótor og slöngur

Ef til staðar: IWP-20S með lengingarvalkosti

- ❑ Læsingarkrappi
- ❑ Handfang og handfangslás
- ❑ Framlengingararmar
- ❑ Staðfestu rétta uppsetningu mótvægis (hlutanúmer er stimplað ofan á mótvægið)

ANSI og CE innanhúss	Framan H/N	Aftan H/N
IWP-20S Stöðluð undirstaða	37354	37355

Athugaðu alla vélina með tilliti til:

- ❑ Sprungna í suðu eða íhlutum samsetningar
- ❑ Dælda eða skemmda á vél
- ❑ Of mikils ryðs, tæringar eða oxunar

- ❑ Kannið og hreinsið rafgeymapóla og allar tengingar rafgeymakapals.
- ❑ Vertu viss um að allar burðareiningar og annar nauðsynlegur búnaður sé til staðar og að allar festingar og pinnar séu á sínum stað og vel festar.

Skoðanir



Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Forðastu hættulegar aðstæður.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

Þekktu og skildu virkniprófin áður en þú snýrð þér að næsta hluta.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

5 Notaðu vélina aðeins eins og henni var ætlað.

Grunnatriði í virkniprófun

Virkniprófunum er ætlað að hjálpa stjórnandanum að uppgötva allar bilanir áður en vélin er tekin í notkun. Stjórnandinn verður að fylgja leiðbeiningunum skref fyrir skref til að prófa alla virkni vélarinnar.

Aldrei má nota bilaða vél. Ef bilanir uppgötvast verður að merkja vélina og taka hana úr notkun. Aðeins viðurkenndur þjónustutæknimaður má gera við vélina, í samræmi við tæknistaðal framleiðanda.


Eftir að viðgerðum er lokið verður stjórnandinn að framkvæma skoðun fyrir notkun og virkniprófanir aftur áður en vélin er tekin í notkun.

Virknipróf

Uppsetning

1 Veldu prófunarsvæði sem er traust, slétt og laust við hættur.

2 Stígðu á fótstigið til að lyfta undirstöðunni.



⊙ Niðurstaða: Hjólin ættu að snerta jörðina.

3 Togaðu í handfang fyrir lækkun undirstöðu til að láta undirstöðuna síga til fulls.



⊙ Niðurstaða: Allir fjórir stuðningsfæturnir ættu að vera í traustri snertingu við jörðina.

4 Tengið við viðeigandi aflgjafa.


5 Notaðu hallamálið og lagfærðu hæðartjakkana þar til vélin er lárétt og allir fjórir stuðningsfæturnir eru í traustri snertingu við jörðina.

6 Setjið lykilinn í og kveikið á stjórntækjum pallsins.

7 Togið rauða neyðarstöðvunarhnappinn á stjórntækjunum á jörðu niðri í á-stöðuna.

8 Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn á pallinum í á-stöðuna.

⊙ Niðurstaða: Aflljósið ætti að kvikna. Innan 1 til 4 sekúndna ætti að kvikna á skjáljósunum tveimur fyrir samlæsingu hæðarskynjara og skjáljósunum tveimur fyrir samlæsingu stuðningsfóta og þau ættu að loga áfram.




Ath.: Tveir mismunandi límmiðar fyrir samlæsingarskjá voru framleiddir. Táknin á þeim eru mismunandi en þeir virka báðir á sama hátt. Myndir af báðum eru sýndar hér og í textanum í gegnum þessa handbók.

Prófun samlæsingarkerfis

9 Stígðu á fótstigið til að lyfta undirstöðunni.


⊙ Niðurstaða: Skjáljósin tvö fyrir stuðningsfætur ættu að slokkna.



Skoðanir

10 Togaðu í handfang fyrir lækkun undirstöðu til að láta undirstöðuna síga til fulls.

⊙ Niðurstaða: Skjáljósin tvö fyrir stuðningsfætur ættu að loga.




11 Stígðu á fótstigið til að lyfta undirstöðunni.

12 Snúðu báðum hæðartjökkunum réttsælis í stöðu alveg niðri.

13 Togaðu í handfang fyrir lækkun undirstöðu til að láta undirstöðuna síga til fulls.

⊙ Niðurstaða: Undirstaðan sígur og skjáljósin tvö fyrir hæðarskynjara ættu að slokkna og haldast þannig þar sem undirstaðan er ekki lárétt.



14 Á stjórntækjum pallsins skaltu ýta inn virkjunarhnappi stjórntækja og snúa upp/niður rofanum í upp-stöðu, síðan í niður-stöðu.

⊙ Niðurstaða: Upp/niður virkni pallsins ætti ekki að virka.

Prófun neyðarstöðvunar

15 Notið hallamálið og lagfærið hæðartjakkana þar til undirstaða vélarinnar er lárétt. Gættu þess að öll fjögur skjáljósin á stjórntækjunum á jörðu niðri logi.

16 Ýttu inn rauða neyðarstöðvunarhnappinum í af-stöðuna.

17 Ýtið virkjunarhnappi stjórntækja inn og snúið upp/niður rofanum í þá færslustöðu sem óskað er eftir.

⊙ Niðurstaða: Upp/niður aðgerðin ætti ekki að virka.

18 Ýttu inn rauða neyðarstöðvunarhnappinum á pallinum í af-stöðuna.

19 Togið rauða neyðarstöðvunarhnappinn á stjórntækjunum á jörðu niðri í á-stöðuna.

20 Ýtið virkjunarhnappi stjórntækja inn og snúið upp/niður rofanum í þá færslustöðu sem óskað er eftir.

⊙ Niðurstaða: Upp/niður aðgerðin ætti ekki að virka.

Skoðanir

Prófun á aðstoðarlækkun pallsins

21 Lyftið pallinum lítillega.

⊙ Niðurstaða: Hjólin á innri grindinni ættu að lyftast frá jörðu.

22 Aftengið aflgjafann frá vélinni.

23 Snúðu lykilrofanum á stjórntæki á jörðu niðri.

24 Ýtið varahnappi fyrir lækkun palls á stjórntækjunum á jörðu niðri inn.

⊙ Niðurstaða: Pallurinn ætti að síga.

25 Tengið aflgjafann við vélina.

26 Snúðu lykilrofanum á stjórntæki pallsins.

27 Lyftið pallinum lítillega.

28 Aftengið aflgjafann frá vélinni.

29 Ýtið virkjunarhnappi stjórntækja inn og snúið upp/niður rofanum í niður-stöðu.

⊙ Niðurstaða: Pallurinn ætti að síga.


30 Tengið aflgjafann við vélina.

Prófun á handvirkri lækkun

31 Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn á stjórntækjum pallsins í á-stöðuna. Staðfestu að skjáljós fyrir samlæsingu og aflljósið logi.

32 Ýttu inn virkjunarhnappi stjórntækja og snúðu upp/niður rofanum í upp-stöðu til að lyfta pallinum um það bil 6 tommur/15 cm.

33 Virkið handvirka lækkunarlokann sem staðsettur er neðst á vökvatjakknum.



⊙ Niðurstaða: Pallurinn ætti að síga.

Skoðanir

Prófun á lyftu og sigi palls

34 Ýttu inn virkjunarhnappi stjórntækja og snúðu upp/niður rofanum í upp-stöðu.

⊙ Niðurstaða: Pallurinn ætti að lyftast mjúklega, laus við hik.

35 Ýttu inn virkjunarhnappi stjórntækja og snúðu upp/niður rofanum í niður-stöðu.

⊙ Niðurstaða: Pallurinn ætti að síga.

Prófun á öryggisrofa fyrir stefnubreytingu (aðeins gerðir með valkosti um aðstoðardrifhjól)

36 Togaðu í og haltu stöng til að virkja aðgerðir báðum megin.

37 Þrýstu á þumalveltirofann og aktu vélinni afturábak.

38 Ýttu á öryggisrofa fyrir stefnubreytingu á enda stýrishandfangsins.

⊙ Niðurstaða: Vélin ætti að aka áfram.

Skoðanir



Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Forðastu hættulegar aðstæður.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

Þekktu og skildu skoðun á vinnustað áður en þú snýrð þér að næsta hluta.

5 Notaðu vélina aðeins eins og henni var ætlað.

Grunnatriði við skoðun á vinnusvæði

Könnun vinnustaðar hjálpar stjórnandanum að ákvarða hvort vinnustaðurinn henti fyrir örugga notkun vélarinnar. Stjórnandinn ætti alltaf að gera slíka könnun áður en hann færir vélina inn á vinnustaðinn.

Það er á ábyrgð stjórnanda að lesa og muna hætturnar á vinnustaðnum og síðan að hafa auga með þeim og forðast þær þegar hann hreyfir, setur upp og notar vélina.

Gátlisti fyrir skoðun á vinnusvæði

Gættu þín á og forðastu eftirfarandi hættulegar aðstæður:

- ❑ þverhnípi eða holur
- ❑ ójöfnur, fyrirstöður á gólfi eða rusl
- ❑ hallandi yfirborð
- ❑ óstöðugt eða hált yfirborð
- ❑ fyrirstöður í loftinu og háspennuleiðara
- ❑ hættulegar staðsetningar
- ❑ ófullnægjandi yfirborðsstuðning til að standast alla þá álagskrafta sem vélin býr yfir
- ❑ vind og veðuraðstæður
- ❑ návist starfsfólks í leyfisleysi
- ❑ aðrar mögulegar óöruggar aðstæður

Skoðanir

Skoðun límmiða með táknum


Skoðaðu til að tryggja að allir límmiðar séu læsilegir og til staðar.

Hlutanr.	Lýsing límmiða	Magn
28174	Merkimiði – Rafmagn til palls 230 V*	2
28235	Merkimiði – Rafmagn til palls 115 V*	2
52475	Merkimiði – Flutningsfesting	3
72086	Merkimiði – Lyftipunktur	1
82366	Merkimiði – Chevron Rando*	1
82475	Merkimiði – Hætta á að kremjast, stoðfætur	4
82481	Merkimiði – Öryggi rafgeymis/hleðslutækis	1
82487	Merkimiði – Lestu handbókina	1
82802	Merkimiði – Virkja aðgerð	1
82915	Merkimiði – Handvirkur lækkunarloki	1
82974	Aðvörun – Árekstrarhætta	1
82987	Hætta – Hætta á raflosti	1
97538	Merkimiði – Virkja aðgerð, aðstoðardrifhjól	1
97775	Merkimiði – Samlæsingarskjár	1
97815	Merkimiði – Lækka miðtein	1
133496	Merkimiði – Burður hjóla	2
133497	Merkimiði – Burður stuðningsfótar	4
1272242	Merkimiði – Vélarskráning	1
1281175	Merkimiði – Lanyard-festipunktur, fallvörn	1
1299004	Merkimiði – Skýringarmynd fyrir flutning	1
1299007	Til athugunar – Hám. burðargeta/aukaafl, 159 kg/200 N, IWP*	1
1299008	Til athugunar – Hám. burðargeta/aukaafl, 136 kg/200 N, IWP*	1
1299616	Límmiði – Viðvörun, staðsetningarljós palls, tákn*	1

■ Skygging gefur til kynna að límmiði sjáist ekki, sé t.d. undir hlífum.

* Þessir límmiðar eiga við um ákveðnar gerðir, valkosti eða stillingar.

Skoðanir


72086
*28174
*28235
97775
82974
82987
*97538
82475
133497
133496
82915
82481
52475
1272242
133497
82475
*1299008
82802
*28174
*28235
82487
1281175
1299616
*1299007
82366
82487
1281175
82475
133497
52475
82802
*28174
*28235
52475
97815
1299004
133496
133497
82475
*28174
*28235

Notkunarleiðbeiningar

Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Forðastu hættulegar aðstæður.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

5 Notaðu einungis vélina eins og henni var ætlað.

Undirstöðuatriði


Hlutinn með notkunarleiðbeiningum veitir leiðbeiningar um öll atriði sem lúta að notkun vélarinnar. Það er á ábyrgð stjórnandans að fylgja öllum öryggisreglum og leiðbeiningum í stjórnanda-, öryggis- og ábyrgðarhandbókunum.

Að nota vélina við nokkuð annað en að lyfta starfsfólki, ásamt verkfærum þess og efni, upp í vinnusvæði sitt er óöruggt og hættulegt.

Ef fleiri en einn mun nota vélina á mismunandi tímum á sömu vakt verður hver notandi að fylgja öllum öryggisreglum og leiðbeiningum í handbókinni. Það þýðir að hver nýr notandi ætti að framkvæma skoðun fyrir notkun, virknipróf og könnun vinnustaðar áður en hann notar vélina.

Uppsetning

1 Stígðu á fótstigið til að lyfta undirstöðunni þar til hjólin snerta jörðina.



2 Notaðu stýrishandfangið til að ýta vélinni.

3 Staðsettu vélina á traustu, láréttu yfirborði beint fyrir neðan vinnusvæðið.

4 Togaðu í lækkunarhandfang undirstöðu til að láta undirstöðuna síga þar til allir fjórir stuðningsfæturnir eru í traustri snertingu við jörðina.



5 Tengið við viðeigandi aflgjafa.

Jafnstraumsgerðir: Tengdu rafgeymapakkann.


Riðstraumsgerðir: Tengið við jarðtengdan 15 A riðstraumsaflgjafa. Notið 12 gauge/ 3,3 mm^2 þriggja víra jarðtengda framlengingarsnúru, ekki lengri en 50 fet/13 m.

6 Setjið lykilinn í og kveikið á stjórntækjum pallsins.

7 Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn á stjórntækjunum á jörðu niðri og gættu þess að aflljósið logi.

Notkunarleiðbeiningar

8 Gættu þess að skjáljósin tvö fyrir samlæsingu hæðarskynjara og skjáljósin tvö fyrir samlæsingu stuðningsfóta logi.



Ath.: Tveir mismunandi límmiðar fyrir samlæsingarskjá voru framleiddir. Táknin á þeim eru mismunandi en þeir virka báðir á sama hátt. Myndir af báðum eru sýndar hér og í textanum í gegnum þessa handbók.

Neyðarstöðvun

1 Ýtið rauða neyðarstöðvunarhnappinum á stjórntækjum pallsins eða á stjórntækjum á jörðu niðri inn til að stöðva upp-aðgerðina.


Lyfta og sig palls

1 Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn á pallinum í á-stöðuna.

2 Ýtið virkjunarhnappi stjórntækja inn og snúið upp/niður rofanum í þá færslustöðu sem óskað er eftir.

Handvirk lækkun

1 Virkið handvirka lækkunarlokann sem staðsettur er neðst á vökvatjakknum.



Aðstoðarlækkun pallsins

1 Snúðu lykilrofanum á stjórntæki á jörðu niðri.

2 Virkið aðstoðarlækkunarhnapp fyrir pall á stjórntækjunum á jörðu niðri.

Notkunarleiðbeiningar fyrir lengingarvalkost

1 Lyftu upp á læsikrappanum.

2 Snúðu handfanginu réttsælis til að draga sundur pallinn. Snúðu handfanginu rangsælis til að draga saman pallinn.

3 Gættu þess að læsa handfanginu.

CE-gerðir: Þegar lengingin er dregin út virkar upp/niður aðgerðin ekki. Dragðu saman lenginguna og færðu til pallinn.

Notkunarleiðbeiningar

Notkunarleiðbeiningar valkosts um aðstoðardrifhjól

1 Láttu stýrishandfangið síga.

2 Togaðu í og haltu stöng til að virkja aðgerðir báðum megin.

3 Virkjaðu þumalveltirofann í þá akstursátt sem óskað er eftir.

4 Slepptu þumalveltirofanum. Vélin heldur áfram ferðinni þegar veltirofanum er sleppt.

5 Losaðu stöng til að virkja aðgerðir til að stöðva vélina og setja hemlana á.

Ath.: Hemlarnir halda vélinni í halla minni en 3°.

Til að færa vélina án aðstoðardrifhjóls: Togaðu í og haltu stöng til að virkja aðgerðir til að losa hemilinn.

Eftir hverja notkun

1 Veldu örugga geymslustaðsetningu – traustan, láréttan flöt, veðurvarinn, lausan við fyrirstöður og umferð.

2 Togaðu í lækkunarhandfang undirstöðu til að láta undirstöðuna síga þar til allir fjórir stuðningsfæturnir eru í traustri snertingu við jörðina.

3 Fjarlægið lykilinn til að koma í veg fyrir óheimila notkun.

4 Jafnstraumsgerðir: Hladdu rafgeymana.

Viðhald



Skoðaðu og hlýddu:

- ☑ Stjórnandi skal aðeins framkvæma hefðbundin viðhaldsatriði sem tilgreind eru í þessari handbók.
- ☑ Viðurkenndir þjónustutæknimenn skulu ljúka við reglubundna viðhaldsskoðun, í samræmi við tæknistaðal framleiðanda og kröfurnar sem tilgreindar eru í ábyrgðarhandbókinni.
- ☑ Farga skal efni í samræmi við opinberar reglugerðir.

Skýringartexti tákna

TIL ATHUGUNAR Eftirfarandi tákn hafa verið notuð í þessari handbók til að miðla tilgangi leiðbeininganna. Þegar eitt eða fleiri þessara tákna birtast við upphaf viðhaldsaðgerðar gefur það til kynna merkinguna að neðan.

 Táknar að verkfæri séu nauðsynleg við þessa aðgerð.

 Táknar að nýir varahlutir séu nauðsynlegir við þessa aðgerð.

Athugaðu rafgeymana – jafnstraumsgerðir



Gott ástand rafgeymis er nauðsynlegt fyrir góða frammistöðu vélar og notkunaröryggi. Röng vökvastaða eða skemmdir kaplar og tengingar geta leitt til skemmda á íhlutum og hættuástands.

⚠AÐVÖRUN Hætta á raflosti. Snerting við heitar rafrásir eða rafrásir með spennu gæti leitt til dauða eða alvarlegra meiðsla. Fjarlægðu alla hringi, úr og aðra skartgripi.

⚠AÐVÖRUN Hætta á líkamstjóni. Rafgeymar innihalda sýru. Forðastu að hella niður eða snerta rafgeymasýru. Gerðu rafgeymasýru sem farið hefur niður óvirka með natróni og vatni.

TIL ATHUGUNAR Prófaðu aftur eftir að rafgeymarnir eru fullhlaðnir.

1. Notið hlífðarfatnað og augnhlífar.
2. Fjarlægðu öndunarlokin af rafgeymum.
3. Athugið stöðu rafgeymasýru. Ef þörf er á skal fylla með eimuðu vatni upp að neðri hluta áfyllingarrörs rafgeymisins. Yfirfylltu ekki.
4. Setjið loftunarlokin aftur á rafgeyma.

Viðhald

Glussaolíustaða athuguð



Það er frumskilyrði fyrir notkun vélarinnar að stöðu glussa sé haldið réttri. Röng staða glussa getur skemmt íhluti vökvakerfisins. Daglegar athuganir gera skoðunarmanninum kleift að greina breytingar á olíustöðu sem gætu bent til vandamála í vökvakerfinu.

1 Gætið þess að pallurinn sé í lægstu stöðu.

2 Athugið hæðarstöðumælinn á hlið vökvageymisins.

⊙ Niðurstaða: Glussaolíustaðan ætti að vera sýnileg á miðjum hæðarstöðumælinum. Yfirfylltu ekki.

Tæknilýsing glussa	
Gerð glussa	Chevron Rando HD jafngildi

Reglubundið viðhald

Viðhald sem framkvæmt er ársfjórðungslega, árlega og á tveggja ára fresti verður að vera framkvæmt af einstaklingi sem hefur þjálfun og hæfni til að framkvæma viðhald á þessari vél í samræmi við verklagið sem finna má í þjónustuhandbók fyrir þessa vél.

Fara verður fram ársfjórðungsleg skoðun á vélum sem hafa staðið ónotaðar í meira en þrjá mánuði áður en þær eru teknar aftur í notkun.

Leiðbeiningar um hleðslu rafgeymis



Leiðbeiningar um rafgeymi og hleðslutæki

Virtu og hlýddu:

☑ Ekki nota utanaðkomandi hleðslutæki eða startgeymi.

☑ Hlaða skal rafgeyminn á vel loftræstu svæði.

☑ Notaðu rétta spennu fyrir hleðslu eins og tilgreint er á hleðslutækinu.

☑ Notaðu aðeins rafgeymi og hleðslutæki sem Genie hefur viðurkennt.

Til að hlaða aðalrafgeymi

1 Opnið lokið á rafgeymapakkanum til að komast að rafgeyminum.

2 Fjarlægið loftunarlok á rafgeyminum og kannið magn rafgeymasýru. Ef þörf krefur skal bæta aðeins því magni af eimuðu vatni á sem þarf til að þekja plöturnar. Ekki yfirfylla fyrir hleðslu.

3 Setjið loftunarlokin aftur á rafgeymi.

4 Gætið þess að úttakssnúra jafnstraums sé rétt tengd við rafgeyminn Svart á mínus, rautt á plús.

5 Tengið hleðslutæki rafgeymis við jarðtengda innstungu.

6 Hleðslutækið slekkur sjálfkrafa á sér þegar rafgeymirinn er fullhlaðinn.

7 Athugið stöðu rafgeymasýrunnar þegar hleðsluferlinu er lokið. Bættu eimuðu vatni í botn áfyllingarslöngunnar. Yfirfylltu ekki.

Til að hlaða aukarafgeymi (ef til staðar)

1 Aftengið aðalrafgeyminn frá tækinu með því að taka Anderson-tengið, sem er staðsett fyrir aftan aðalrafgeymahólfið, úr sambandi.

2 Ef aðalrafgeymirinn var þegar aftengdur gangið úr skugga um að aukarafgeymirinn sé ekki tengdur við tækið.

3 Fjarlægið loftunarlok á rafgeyminum og kannið magn rafgeymasýru. Ef þörf krefur skal bæta aðeins því magni af eimuðu vatni á sem þarf til að þekja plöturnar. Ekki yfirfylla fyrir hleðslu.

4 Setjið loftunarlokin aftur á rafgeymi.

5 Tengið Anderson-tengið úr aukarafgeyminum við Anderson-tengið sem er staðsett fyrir aftan aðalrafgeymahólfið.

6 Tengið hleðslutæki rafgeymis, sem er efst í aðalrafgeymahólfinu, við jarðtengda innstungu.

7 Hleðslutækið slekkur sjálfkrafa á sér þegar rafgeymirinn er fullhlaðinn. Ef báðir rafgeymar eru tómir gæti tekið allt að sólarhring að fullhlaða báða geymana.

8 Athugið stöðu rafgeymasýrunnar þegar hleðsluferlinu er lokið. Bættu eimuðu vatni í botn áfyllingarslöngunnar. Yfirfylltu ekki.

Leiðbeiningar um hleðslu rafgeymis

Leiðbeiningar um fyllingu og hleðslu þurrgeymis

1 Fjarlægðu öndunarlok rafgeymisins og fjarlægðu plastinnsiglið varanlega af öndunargötum rafgeymisins.

2 Fylltu hvert hólf með rafgeymasýru (raflausn) þar til hæðin er nægileg til að hylja plöturnar.

Ekki fylla upp að hámarksstöðu fyrr en hleðsluferli rafgeymisins er lokið. Yfirfylling getur valdið því að rafgeymasýra flæðir upp úr meðan á hleðslu stendur. Gerðu rafgeymasýru sem hellst hefur niður óvirka með natróni og vatni.

3 Settu öndunarlok rafgeymisins á.

4 Hladdu rafgeyminn.

5 Athugaðu stöðu rafgeymasýrunnar þegar hleðsluferlinu er lokið. Fylltu á nýjan leik með eimuðu vatni að enda áfyllingarslöngunnar. Ekki yfirfylla.

Leiðbeiningar um flutning og lyftingu

Leiðbeiningar um flutning

Skoðaðu og hlýddu:

- ☑ Beita verður almennri skynsemi og skipulagningu til að stjórna hreyfingum vélarinnar þegar verið er að lyfta henni með krana eða gaffallyftara.
- ☑ Leggja verður flutningsökutækinu á láréttu yfirborði.
- ☑ Ganga verður tryggilega frá flutningsökutækinu til að koma í veg fyrir að það hreyfist meðan verið er að setja vélina á.
- ☑ Flutningsgeta ökutækis, fermingarbúnaður og undirlag verða að geta haldið uppi þyngd vélarinnar. Sjá raðnúmeraplötu vegna þyngdar vélarinnar.
- ☑ Undirstaða vélarinnar verður að haldast niðri meðan á fermingu og flutningi stendur.
- ☑ Vélin verður að vera kyrfilega fest við flutningabílinn. Notaðu keðjur eða ólar af nægilegum styrk.

Vélin dregin með spili upp á bíl með opnum palli

1 Láttu pallinn síga alveg niður.

2 Ýtið rauðu neyðarstöðvunarhnöppunum inn, snúið lykilrofanum í stöðuna slökkt og takið lykilinn úr.

3 Athugaðu með lausa eða ófesta hluti á allri vélinni.

4 Tengdu strenginn við spilpunktinn sem staðsettur er framan á undirstöðunni.

5 Dragið vélina varlega með spilinu upp á bílinn.

6 Festið undirstöðu og mastur vélarinnar við flutningsökutækið. Notaðu keðjur eða ólar með nægri burðargetu.

Vélin sett á með gaffallyftara


Notaðu raufarnar fyrir gaffallyftara, sem staðsettar eru á hliðum vélarinnar, eða lyftarahringina, á bak við mótvægið undir pallinum.

Gættu þess að skoða vélina og fjarlægja alla lausa eða ófesta hluti.

Að nota lyftarahringina:

1 Lyftu pallinum um 3 tommur/7,5 cm.

2 Settu lyftarahringina í upp-stöðuna.



Leiðbeiningar um flutning og lyftingu

Vélin sett á með krana

Notaðu lyftiaugun sem eru á aftari masturssúlu.

Fjarlægja verður rafgeyminn áður en vélinni er lyft með krana. Aftengdu tengið á rafgeyminum áður en hann er fjarlægður.

Skoðaðu alla vélina og fjarlægðu alla lausa hluti.

Settu ávallt lyftikrókinn í gegnum lyftiaugað þannig að hann snúi frá vélinni.





Vélin fest

Notaðu keðjur eða ólar með nægri burðargetu.

Notaðu a.m.k. 3 keðjur eða ólar.

Hagræddu útbúnaðinum til að koma í veg fyrir skemmdir á keðjunum.





Tæknilýsing

Tæknilýsing	
Hámarks vinnuhæð	
IWP-20S	26 fet og 3 to./8,0 m
IWP-25S	30 fet og 11 to./9,4 m
IWP-30S	35 fet og 6 to./10,8 m
Hæð, hámark fyrir pall	
IWP-20S	20 fet og 3 to./6,1 m
IWP-25S	24 fet og 11 to.7,6 m
IWP-30S	29 fet og 6 to./9,0 m
Hæð, frágenginn, undirstaða alveg lækkuð	76 to./1,9 m
Hæð, frágenginn, undirstaða hækkuð	78 to./2,0 m
Breidd	
IWP-20S, IWP-25S	32 to./81,3 cm
IWP-30S	40 to./101,6 cm
Lengd, allar gerðir	60 to./152,4 cm
Þyngd, allar gerðir	Sjá raðnúmeramerkimiða
Lyftigeta, venjulegt	350 pund/159 kg
Lyftigeta, með lengingu	300 pund/136 kg
Lengingarvalkostur, dreginn sundur	24 to./61 cm
Hornaðgangur, IWP-20S, IWP-25S	6 to./15 cm
Hornaðgangur, IWP-30S	7 to./18 cm
Aflgjafi	
Jafnstraumur Gerð	12 V
Riðstraumur Gerð	110 V eða 220 V
Umhverfishiti við notkun	-20°F til 135°F -29°C til 57°C

Hávaðamengun í lofti	
Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á jörðu niðri	<70 dBA
Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á palli	<70 dBA
Heildartitringur sem hendur og handleggir verða fyrir fer ekki yfir 2,5 m/s^2.	
Hæsta kvaðratmeðaltalsrót veginnar hröðunar sem allur líkaminn verður fyrir fer ekki yfir 0,5 m/s^2.	

Mál palls (lengd x breidd)	
Staðlaður pallur, með hliði eða hliðranlegum miðteini	27 x 26 x 44,75 to. 69 cm x 66 cm x 1,1 m
Sérlega mjór pallur með hliði	22 x 18 x 44,75 to. 56 cm x 46 cm x 1,1 m
Mjór pallur með hliði	26 x 20 x 44,75 to. 66 cm x 51 cm x 1,1 m
Staðlaður pallur úr trefjagleri	29 x 26,5 x 43,5 to. 74 cm x 67 cm x 1,1 m
Mjór pallur úr trefjagleri	26 x 22 x 43,5 to. 66 cm x 56 cm x 1,1 m

Stefna Genie er stöðugar endurbætur á vörum okkar. Tæknilýsing vöru er háð breytingum án fyrirvara eða skuldbindingar.

Tæknilýsing

Contents of EC Declaration of Conformity

<Manufacturer's name> hereby declares that the machinery described below complies with the provisions of the following Directives:

1. EC Directive 2006/42/EC, Machinery Directive, under consideration of harmonized European standard EN280 as described in EC type-examination certificate <variable field> issued by:

Kuiper Certificering B.V.
Van Slingelandtstraat 75, 7331NM
Apeldoorn
Netherlands
NB number 2842

2. EC Directive EMC: 2014/30/EU, under consideration of harmonized European standard EN 61000-6-2 and EN 61000-6-4

3. EC Directive 2000/14/EC, Noise Directive, under consideration of Annex V and harmonized standard EN ISO 3744, internal combustion engine only.

Test Report:
This machine has been tested and passed the following categories per EN 280:2013+A1:2015 clause 6.3 prior to entering the market:

1. BRAKES: Brakes working properly in forward and reverse.
2. OVERLOAD: Overload tested at XXX% rated load.
3. FUNCTIONAL: Smooth operation at XXX% rated load.
4. FUNCTIONAL: All safety devices working correctly.
5. FUNCTIONAL: Speeds set within permitted specification.

Model/Type: <machine type>	Manufacture Date: <variable field>
Description: <machine classification>	Country of Manufacture: <variable field>
Model: <model name>	Net Installed Power: <only for IC machines>
Serial Number: <variable field>	Guaranteed Sound Power Level: <only for IC machines>
VIN: <where applicable>	
Manufacturer: <Manufacturer's name>	Authorized Representative: Genie Industries B.V Boekerman 5, 4751 XK Oud Gastel, The Netherlands
Empowered signatory:	Place of Issue: <variable field> Date of Issue: <variable field>

Dreift af:

www.genielift.com